

## Samningur um Evrópska efnahagssvæðið

### Sameiginlega EES-nefndin

#### ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 25/94  
frá 2. desember 1994

um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB frá 26. júlí 1994 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

1. Eftirfarandi bætist við lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

, „eins og henni var breytt með:

- 394 L 0038: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB frá 26. júlí 1994 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE (Stjtið. EB nr. L 217, 23. 8. 1994, bls. 8).“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 217, 23. 8. 1994, bls. 8.

2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarlið b):

„c) Viðbæturnar við viðauka C sem taldar eru upp í aðlögunarlið b) skulu felldar við skrána í II. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB.“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

H. Hafstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker